

Alþingi
Erindi nr. P 140/108
komudagur 14.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2011

Efni: Umsögn frá Matis ohf. um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagskerfisins á Íslandi. Þingskjal 7 - 7. mál.

Matis fagnar framkominni tillögu, en bendir á mikilvægi þess að tekið verði sérstaklega tillit til þess þróunarstarfs í sjávarútvegi sem unnið hefur verið til að auka veg umhverfisverndar innan þeirrar greinar. Þar má t.d. nefna vottun sjálfbærra fiskveiða, bættu nýtingu í flakavinnslu, aukinn hlut manneldis í framleiðslu uppsjávarfisksafurða og bættu flutningaferla.

Þá er jafnframt bent á mikilvægi þess að horft verði til hagnýtingar líftækni til að auka veg umhverfisverndar í framleiðslu matvæla og annarra verðmætra afurða úr íslenskum hráefnum. Slík hagnýting eykur nýtingarmöguleika íslenskra hráefna, dregur úr umhverfisáhrifum framleiðslu og getur með beinum hætti komið í veg fyrir umhverfismengun, t.d. með hagnýtingu líftækni í tengslum við iðnaðar- og orkuframleiðslu.

Framleiðsla matvæla í sterkum tengslum við uppruna hráefna og uppbygging matvælaframleiðslu í tengslum við ferðaþjónustu og aðra starfsemi sem byggst hefur upp víða um land er jafnframt mikilvægt framlag til uppbyggingar á sterku, grænu hagkerfi á Íslandi. Stoðkerfi atvinnulífsins þarf að taka tillit til þessa í störfum sínum og aðgerðum og styrkja samstarf á milli framleiðenda og tengsl þeirra við þekkingar- og sprotafyrirtæki sem auðveldað geta sjálfbæra nýtingu íslenskra auðlinda til matvælaframleiðslu.

Matvælaframleiðsla gegnir lykilhlutverki í verðmætasköpun á Íslandi. Það er ekki tilviljun að svo sé, enda hefur Ísland yfir að ráða gjöfulegum, lítt menguðum auðlindum til framleiðslu matvæla, auk mikillar þekkingar á úrvinnslu þeirra. Þekking á markaðssetningu innan virðiskeðju matvælaframleiðslu hefur jafnframt aukist mikið síðari ár. Við uppbyggingu græns hagkerfis á Íslandi er mikilvægt að byggt verði á styrkum stoðum grunnatvinnuvega þjóðarinnar og séð til þess að stoðkerfi atvinnulífsins og lagaumhverfi þess styðji langtíma stefnu um sjálfbæra nýtingu, út frá umhverfislegum, félagslegum en ekki síst hagrænum sjónarmiðum.

Matis ohf gerir eftirfarandi sértæka athugasemd við texta frumvarpsins:

Í greinargerð, kafla 3.6. Grænt atvinnulíf, er eftirfarandi málsgrein:

Veruleg tækifæri til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar liggja í fullnýtingu



sjávarafurða. Þar hefur mikið starf verið unnið, m.a. í samvinnu sjávarútvegs- og sprotafyrirtækja og Matís ohf. Má þar nefna vinnslu á próteinum, skinnaiðnað úr roði, sárplástur úr þorskroði o.m.fl. Mikil tækifæri hljóta einnig að liggja í því að færa stærri hluta aflans að landi, hvort sem hann nýtist í matvælavinnslu, vörur af því tagi sem nefndar eru hér að framan eða til framleiðslu á lífrænum áburði. Í tengslum við þetta má nefna að 1. september 2011 tók gildi ný reglugerð sem skyldar útgerðir til að koma með úrgang frá veiðum í land í mun meira mæli en áður.

Á eftir málsgreininni er vísað í hér er vísað í neðanmálsgrein 94 sem er svohljóðandi: ***Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (2011). Reglugerð nr. 810/2011 um nýtingu afla og aukaafurða.***

Matís ohf gerir athugasemd við notkun orðsins úrgangur í greinargerðinni og bendir á að réttara er að nota orðið aukahráefni eða aukaafurð eins og gert er í reglugerðinni.

Virðingarfyllt,

Sveinn Margeirsson,

forstjóri